

Marel kynnis afkomu þriðja ársfjórðungs 2016

(Allar upphæðir í evrum)

Góður árangur með 14,2% EBIT

- Tekjur á þriðja ársfjórðungi 2016 námu 234,8 milljónum evra [3F 2015: 189,1m]. Pro forma tekjur á þriðja ársfjórðungi 2015 námu 229,7 milljónum evra.
- EBITDA á þriðja ársfjórðungi 2016 var 41,5 milljónir evra sem er 17,7% af tekjum [3F 2015: Leiðrétt EBITDA** 31,6m, 16,7%]. Pro forma leiðrétt EBITDA** á þriðja ársfjórðungi 2015 nam 41,4 milljónum evra eða 18,0% af tekjum.
- EBIT* á þriðja ársfjórðungi 2016 var 33,4 milljónir evra, sem er 14,2% af tekjum [3F 2015: Leiðréttur rekstrarhagnaður EBIT** 24,2m, 12,8% af tekjum]. Pro forma leiðrétt EBIT** á þriðja ársfjórðungi 2015 nam 31,6 milljónum evra eða 13,8% af tekjum.
- Hagnaður þriðja ársfjórðungs 2016 nam 17,3 milljónum evra [3F 2015: 14,7m]. Hagnaður á hlut var 2,42 evru sent [3F 2015: 2,07 evru sent].
- Handbært fé frá rekstri fyrir fjármagnsliði og skatta nam 33,2 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi 2016 [3F 2015: 29,7m]. Skuldahlutfall (nettó skuldir/EBITDA) í lok þriðja ársfjórðungs 2016 er 2,6x.
- Pantanabókin stóð í 305,1 milljónum evra við lok þriðja ársfjórðungs 2016 samanborið við 306,5 milljónir evra í lok annars ársfjórðungs 2016 [3F 2015: 187,7m]. Pro forma pantanabók við lok þriðja ársfjórðungs 2015 var 303,6 milljónir evra.

Marel heldur áfram að skila góðri rekstrarniðurstöðu. Tekjur þriðja ársfjórðungs námu 235 milljónum evra með 14,2% EBIT*. Sjóðstreymi frá rekstri er áfram sterkt sem leiðir til þess að skuldahlutfallið í lok þriðja ársfjórðungs 2016 er 2,6x.

Pantanir þriðja ársfjórðungs 2016 námu 233 milljónum evra og eru samtals 718 milljónum evra frá áramótum (pro forma). Sala á staðlaðri vöru og varahlutum var sterk í öllum iðnuðum. Kjúklingaiðnaðurinn tryggði sér fjölmörg meðalstór og stærri verkefni fyrir viðskiptavinum á fyrstu níu mánuðum ársins. Á sama tímabili hafa markaðsaðstæður í kjöt- og fiskiðnaði verið lakari fyrir stærri verkefni. Kjötiðnaðurinn byrjaði að taka við sér á þriðja ársfjórðungi og tryggði sameinað söluteymi MPS og Marel verkefni í heildarlausnum fyrir viðskiptavinum í kjötiðnaði í Evrópu og Kína. Í byrjun fjórða ársfjórðungs tryggði Marel sér tímamótaverkefni í laxaiðnaði í Noregi.

Pro forma tekjur Marel á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 námu 733 milljónum evra með 108,4 milljónum evra í rekstrarhagnað og 14,8% EBIT*. Marel gerir ráð fyrir hóflegum innri vexti í tekjum og rekstrarhagnaði (EBIT*) sameinaðs félags á árinu 2016

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri:

„Við erum ánægð með niðurstöðu þriðja ársfjórðungs 2016. Teymið er einbeitt og árangursdrifið sem skilar sér í sterkri rekstrarniðurstöðu og nálægt 15% rekstrarhagnaði fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Við höldum áfram að kynna til leiks fjölmargar nýjar og skilvirkar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar og fjárfesta í innviðum fyrirtækisins til að undirbúa framtíðarvöxt og virðisaukningu.

Á heildina litið er útlit fyrir að markaðsaðstæður fyrir stærri verkefni sé að taka við sér. Vegna almennra efnahagsaðstæðna er þó erfitt að segja til um tímasetningu á stærri verkefnum.

Samruni MPS og Marel gengur vel og samkvæmt áætlun. Við höfum sameinað og þjálfað söluteymi okkar í kjötiðnaði. Þetta frábæra teymi hefur nú tryggt verkefni í heildarlausnum fyrir viðskiptavinum okkar víða um heim. Það er ljóst að við erum sterkari saman og betri í að mæta þörfum viðskiptavina okkar.“

Horfur

Marel gerir ráð fyrir hóflegum innri vexti í tekjum og rekstrarhagnaði (EBIT*) sameinaðs félags á árinu 2016.

Til meðal og lengri tíma litið, telur Marel að nýsköpun og sterk markaðsstaða um allan heim í öllum iðnuðum félagsins muni skila góðum vexti og aukinni arðsemi. Framtíðarhorfur eru góðar og gert er ráð fyrir því að markaðsvöxtur nemi 4-6% á næstu árum. Markmið Marel er að halda áfram að vaxa hraðar en markaðurinn.

Langtímahorfur Marel eru góðar en til skemmri tíma litið hefur óvissa í heimsbúskapnum aukist. Engu að síður má gera ráð fyrir að afkoman verði breytileg milli ársfjórðunga vegna efnahagsþróunar á heimsvísu, sveiflna í pöntunum og tímasetninga stærri verkefna.

Vinsamlegast athugið að tilkynning þessi tekur aðeins til helstu þátta uppgjörnsins en uppgjörstilkyning í fullri lengd á ensku er aðgengileg á heimasíðu Marel: <http://marel.com/corporate/investor-relations/publications>

Þar er m.a. að finna lykiltölur og yfirlit yfir markaði félagsins.

Kynningarfundur 27. október 2016

Marel boðar til kynningarfundar um afkomu félagsins fimmtudaginn 27. október kl. 8:30 í húsnæði þess að Austurhrauni 9, Garðabæ. Fundinum verður einnig netvarpað: www.marel.com/webcast.

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2017 og 2018

- | | |
|-------------------------|------------------|
| ▪ 4. ársfjórðungur 2016 | 8. febrúar 2017 |
| ▪ 1. ársfjórðungur 2017 | 3. maí 2017 |
| ▪ 2. ársfjórðungur 2017 | 26. júlí 2017 |
| ▪ 3. ársfjórðungur 2017 | 25. október 2017 |
| ▪ 4. ársfjórðungur 2017 | 31. janúar 2018 |

Birting fjárhagsupplýsinga mun eiga sér stað eftir lokun markaðar.

Frekari upplýsingar veitir:

Auðbjörg Ólafsdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla og samskipta. Símar: 563-8626 og 853-8626

Um Marel

Marel er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja Íslands og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Fyrirtækið starfrækir skrifstofur og dótturfyrirtæki í meira en 30 löndum, auk 100 umboðsmanna og dreifingaraðila.

Athygli fjárfesta er vakin á eftirfarandi:

Sumar staðhæfingar í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu hennar. Í eðli sínu fela slíkar staðhæfingar því í sér óvissu. Við vekjum þess vegna athygli fjárfesta á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í þessari tilkynningu. Tilkynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Sé misræmi á milli uppgjörstilkynninga félagsins á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, skal enska útgáfan gilda þar sem tilkynningar eru þýddar af ensku yfir á íslensku.